

71 14. marz. legu og óvenjulegu erfiðleika, er í nefndu brjefi er skýrt frá að sjeu á dýptarmælingu fjarðar þess, sem hjer um að ræða, geti hún, þótt sjer þyki það leitt, að minnsta kosti ekki að svo stöddu orðið við ósk ráðaneytisins fyrir Ísland um mælingar þær, sem er hjer um beðið.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild stjórnartíðindanna.

72 20. apríl. **Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Ísafirði um kaup á jörð handa Ísafjarðarkaupstað.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra bæjarfógeti, dags. 19. f. m. og skjöl þau, er því fylgdu, vil jeg hjermeð samkvæmt beiðni bæjarstjórnarinnar á Ísafirði, fyrir mitt leyti veita samþykki það, er í skilyrðum er haft í 29. gr. laga nr. 23. 8. okt. 1883, til þess að hjáleigan Stekkjarnes verði keypt handa Ísafjarðarkaupstað með þeim kjörum, er hlutadeigandi prestur hefur boðið og sem í einu hljóði hafa verið samþykkt af bæjarstjórninni á fundi 3. nóvbr. f. á. þ. e. gegn 200 króna árlegu gjaldi úr bæjarsjóði til prestsins í Eyrarprestakalli. En til þess að sölu þessari geti orðið framgengt verður bæjarstjórnin að senda þaraðlútandi bænarskrá til konungs með venjulegum skilríkjum, þ. e. meðmælum safnaðarfundar og hjeraðsfundar, og ber að senda skjöl þessi prófasti til þess að hann aptur sendi þau ásamt ummælum sínum til stiptsyfirvaldanna áleiðis til landshöfðingja.

73 26. apríl. **Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um leyfi til að halda lotteri (Ágrip).** — Með brjefi þessu var Goodtemplara stúkunni »Vorblómið« nr. 3 á Akranesi leyft að halda »lotteri«, um næstkomandi nýjár, til ágóða fyrir »samskotasjóð Goodtemplara í Ytri-Akraneshrepp« um tiltekna muni, virta samtals 120 krónur, þannig að gefnir væri út 2000 seðlar, og seldir á 1 kr. hver. Leyfið var bundið venjulegum skilyrðum.

74 27. apríl. **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um breyting á lántökuleyfi handa prestakalli (Ágrip).** — Með brjefi þessu var leyft, að endurborgunarfrestur á láni því til handa Mosfellsprestakalli í Grímsnesi, er ræðir um í landshöfðingjabrjefi 8. apríl 1891, (Stjt. 1891, B. nr. 57, bls. 66) mætti vera 28 ár í stað 15 ára, ef hlutadeigandi prestur gæti fengið lánið með slíkum kjörum.

göngu í þessum tilgangi, og láta þá hafa til umráða 1 eða 2 gufubáta og að öðru leyti útbúnað til þess að liggja í tjöldum við mælingarstöðvarnar.

Vegna þess, sem jeg hef tekið fram hjer að ofan, er ekkert viðvíkjandi Hvammsfirði tekið upp meðal þeirra rannsókna, er jeg óska eptir á þessu ári. Fylgiskjölin endursendast.

(Sign.) *Wandel.*